

Minnisblað 31. mars 2008

Til Eiríks Áka Eggertssonar vegna Iðnaðarnefndar Alþingis

Frá. Sigurði Jónssyni vegna Landssamtaka raforkubænda

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum á auðlinda og orkusviði, 432. mál, opinbert eignarhald auðlinda, fyrirtækjaaðskilnaður.

I. Almennar athugasemdir:

Landssamtök raforkubænda telja lagsetningu í þá veru að tryggja ríkisvaldinu yfirráð orkuauðlinda með öllu óþarfa og einungis undistrikta stöðu sterks ríkisvalds, þar sem reynt er að tryggja stöðu hins opinbera gagnvart einstaklingseignarréttinum. Í raun má segja að frumvarpið endurspegli pólitíska afstöðu núverandi stjórnvalda. Breytist afstaðan með nýjum stjórnvöldum er þeim í lófa lagið að breyta lögum og etv. einkavæða orkufyrirtæki sem öðlast hafa markaðráðandi stöðu vegna opinbers eignarhalds eða opinberra afskipta. Í frumvarpinu kemur þannig fram ákveðinn óraunhæfur fagurgali.

Viðleitni til þess að aðskilja sérleyfis- og samkeppnisþætti er hins vegar fagnað en dregið í efa að frumvarpið, ef að lögum verður, nægi til þess að tryggja raunverulega samkeppni.

Tekið er undir hugleiðingar um að miklir þjóðhagslegir og samfélagslegir hagsmunir tengist eignarhaldi og nýtingu orkuauðlinda landsins. Því er hins vegar mótmælt að það sé mikilvægt að auðlindirnar séu í eigu samfélagsins. Hér verður ekki bæði sleppt og haldið. Í öðru orðinu er verið að tryggja aðkomu og eignarhald opinberra aðilja en í hinu orðinu er verið að hlú að fjálsri samkeppni. Orkuframleiðsla er ekkert frábrugðin annarri framleiðslustarfsemi og þarfnast engra sérreglna. Best væri að ríkisvaldið léti þessa starfsemi sem mest afskiptalaus en um hana myndu gilda almennar reglur eins og um hverja aðra atvinnustarfsemi.

II. Athugasemdir við ákveðnar greinar:

Um 1. gr sbr og 8. gr.

Að mati Landssamtaka raforkubænda eru orkuauðlindir jarða hluti af landsins gæðum og þannig bæði óeðlilegt og óheppilegt að undanskilja þær með einhverjum hætti ef jarðir ganga kaupum og sölum. Ef jörð kemst í tímabundið eignarhald ríkisvaldsins eða stofnana þess, svo sem Íbúðalánasjóðs, t.d. vegna nauðungarsölu, er fráleitt að ríkisvaldið megi ekki selja jörðina aftur með öllum gögnum og gæðum. Ákvæði um þetta virðist vanta í frumvarpið.

Þrátt fyrir ákvæði greinarinnar um að við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skuli gæta jafnræðis er hætt við að jafnræðis verði ekki gætt. Setja þarf nákvæmari reglur sem tryggja raunverulegt jafnræði td. með einhvers konar útboði.